

Föstudaginn 5. október 1990.

Nr. 123/1988. **Jóhann Þórir Jónsson**

og

Timaritið Skák

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Markúsi Jóhannssyni

(Hákon Árnason hrl.).

Víxilmál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason og Hjörtur Torfason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 18. apríl 1988 samkvæmt heimild í 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Dómkröfur áfrýjenda eru þær aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Þá krefjast þeir þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda.

Í áfrýjunarstefnu er ekki gerð krafa um ómerkingu og frávísun málsins frá héraðsdómi. Ber því að vísa þeirri kröfu frá Hæstarétti, sbr. 18. gr. laga nr. 75/1973.

Áfrýjendur halda því fram, að boðun héraðsdómara til lögmanna aðila til þinghalds í málinu 24. október 1986 hafi verið gölluð að því leyti, að í henni hafi ekki verið tilgreint, hvar málið skyldi tekið fyrir. Af þingsókn af hálfu áfrýjenda hafi því ekki orðið, þegar héraðsdómari tók málið fyrir greindan dag. Beri því að vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar frá og með þinghaldi nefndan dag.

Mál þetta var þingfest 16. september 1986 á bæjarþingi Reykjavíkur að Túngötu 14 hér í borg. Áfrýjendur létu þá sækja dómþing

í málinu og fengu frest til 30. sama mánaðar til þess að skila greinargerð. Skilaði lögmaður áfrýjenda í héraði greinargerð þann dag, og fengu lögmenn aðila því næst frest um óákveðinn tíma til öflunar gagna. Héraðsdómari, sem er borgardómari í Reykjavík og hefur skrifstofu að Túngötu 14, boðaði lögmann áfrýjenda í héraði til þinghaldsins 24. október 1986 með símskeyti 17. sama mánaðar. Viðurkennt er, að lögmenninum barst símskeytið í hendur. Mátti honum vera ljóst, að málið skyldi tekið fyrir að Túngötu 14, þar sem ekki var annað tekið fram. Krafa áfrýjenda um heimvísun málsins verður því ekki tekin til greina.

Kröfu sína um sýknu styðja áfrýjendur þeim rökum, að þeir hafi að fullu gert upp skuldir sínar við stefnda, svo sem greini í yfirlýsingu stefnda frá 26. mars 1986, sem liggja frammi í málinu. Jafnframt hafi stefndi lofað að skila öllum pappírnum og verðbréfum, sem stefndi hafði í höndum á Jóhann Þóri og fyrirtæki hans, en meðal skjala þessara séu hinir umstefndu víxlar. Með málsókn sinni sé stefndi því að hafa uppi rangar kröfur, þar sem engin raunveruleg skuld sé lengur að baki víxlunum.

Stefndi höfðaði mál þetta sem víxilmál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Víxlarnir bera það ekki með sér, að þeir séu greiddir. Verður sú vörn því ekki höfð uppi í máli þessu, sbr. 208. gr. nefndra laga. Verður sýknukrafa áfrýjenda því ekki tekin til greina. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm svo og hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, þó þannig, að vextir frá 1. apríl 1986 reiknast eins og í dómsorði greinir. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð að öðru leyti en því, að frá 1. apríl 1986 til 1. desember 1988 greiði áfrýjendur, Jóhann Þórir Jónsson og Tímaritið Skák, stefnda, Markúsi Jóhannssyni, 27% ársvexti af hinni tildæmdu fjárhæð, en 24% ársvexti frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% ársvexti frá þeim degi til 1. mars 1989, 24% ársvexti frá þeim degi til 1. apríl 1989, 27% ársvexti frá

þeim degi til 1. apríl 1990, 26% ársvexti frá þeim degi til 1. maí 1990, 23% ársvexti frá þeim degi til 1. september 1990, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags, þó eigi hærri en 27% ársvexti.

Áfrýjendur greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1986.

Ár 1986, föstudaginn 24. október, er lagður svohljóðandi dómur á málið nr. 20793/1986: Markús Jóhannsson gegn Jóhanni Þ. Jónssyni, Tímaritinu Skák og Skákprenti, á bæjarþingi Reykjavíkur.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Markús Jóhannsson, 6489-1855, Hringbraut 25, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum með áskorunarstefnu, birtri 9. september 1986, á hendur Jóhanni Þóri Jónssyni, 4980-0150, Meistaravöllum 5, Reykjavík, persónulega og f.h. Tímaritsins Skákar, 8135-1307, sama stað, og Skákprenti, 8153-1315, sama stað, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 330.000, með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10. september 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu.

Skuld þessi er samkvæmt tveimur víxlum, útgefnum af stefnda Jóhanni Þóri f.h. Skákprents þann 2. ágúst 1985, hvorum að fjárhæð kr. 165.000, og samþykktum af stefnda f.h. Tímaritsins Skákar til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, þann 10. september 1985. Víxlarnir eru ábektir af útgefanda, stefnanda og Borgarprenti. Stefnandi kveður Borgarprent hafa framselt sér víxlana, en samkvæmt vottorði Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á víxlunum hafa þeir verið innleystir af stefnanda þann 13. nóvember 1985.

Af hálfu hinna stefndu hefur verið sótt þing í málinu og haldið uppi vörnum byggðum á því, að víxlarnir séu greiddir. Málinu hefur verið vikið til almennrar meðferðar, en þingsókn síðan fallið niður af hálfu stefndu. Stefnandi hefur gert þá breytingu á kröfugerð sinni, að hann krefst nú einungis dóms yfir stefnda Jóhanni Þóri Jónssyni persónulega og f.h. Tímaritsins Skákar. Samkvæmt 2. mgr. 118. gr. laga 85/1936 er mál þetta dæmt eftir framkomnum kröfum og skilríkjum og með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu verjanda. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með formlega löglegri heimild sér til handa. Víxlarnir bera ekki með sér,

að þeir séu greiddir. Vörn byggð á greiðslu, sem ekki kemur fram á vixli, kemst samkvæmt 208. gr. laga 85/1936 ekki að í vixilmáli. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á allar kröfur stefnanda.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jóhann Þórir Jónsson og Tímaritið Skák, greiði stefnanda, Markúsi Jóhannssyni, kr. 330.000 með 3,75% mánaðarvöxtum frá 10. september 1985 til 1. mars 1986, með 2,75% mánaðarvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 2,25% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 40.000 í málskostnað.

Fjárnámsendurrit.

Ár 1987, miðvikudaginn 28. janúar, er fógataréttur Reykjavíkur settur að Meistaravöllum 5 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta, Önnu M. Karlsdóttur, með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið: Málið A-905/1987: Markús Jóhannsson gegn Jóhanni Þ. Jónssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2, birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur í málinu nr. 20793/1986. Nr. 1-2 fylgir í ljósriti.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Valgarður Sigurðsson og krefst fjárnáms fyrir kr. 15.434 með 3,75% mánaðarv. frá 10.9.1985 til 1.3.1986, 2,75% f.þ.d.t. 1.4.1986, en 2,25% frá þeim degi til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnaðar, kr. 740, kr. 40.000 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 1.270 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir að tilhl. fóg. Kolbrún Jónsdóttir. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda gerir fógeti fjárnám í eign/arhluta gerðarþola í Meistaravöllum 5.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættum að skýra gerðarþola frá gerðinni.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.